

**548. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. nóvember
2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Lína Björg Tryggvadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Símonía Bjarnadóttir og Daníel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Dagskrá:

1. Hóll á Hvilftarströnd. Bygging á íbúðarhúsi og rafstöð á lögbýli - 2020050055

Birkir Þór Guðmundsson sendir inn tilkynningu f.h. landeigenda Hóls á Hvilftarströnd vegna smávirkjunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifa. Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. viðauka 1, lið 3.23. Skipulags- og mannvirkjanefnd skal taka afstöðu hvort að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum með hliðsjón af viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

2. Sundstræti göngustígur - Skipulag - 2019080029

Lagður er fram uppdráttur að aðalskipulagsbreytingu ásamt greinargerð, unninn af Verkís, dags. 22.10.2020

Breytingin felur í sér breytta legu göngustígs við Sundstræti ásamt breyttum skilmálum reits Í5 við Norðurtanga.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar skv. II. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Sundstræti 36, eignarland og lóðarmál - 2020100045

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð, unnin af Verkís ehf., dags. 19.11.2020. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar, dags. 16.10.1997 og felur í sér uppskiptingu eignarlóðar og breytingu á leigulóð í eigu Ísafjarðarbæjar, sem fylgt hefur húsinu Sundstræti 36.

Skipulags- og mannvirkjanefnd kallar eftir frekari gögnum.

4. Sundstræti göngustígur - Skipulag - 2019080029

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð, unnið af Verkís ehf,

dags. 22.10.2020. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar, dags. 16.10.1997 og felur í sér lagningu göngustígs, austan við fjölbýlishús við Sundstræti, Ísafirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010.

5. Umsókn um stofnun vegsvæðis í landi Traðar, Önundarfirði - 2020100105

Sigríður Anna Ellerup hjá Direkta lögfræðipjónustu f.h. Vegagerðarinnar, sækir um stofnun vegsvæðis í landi Traðar L141023 í Önundarfirði. Fylgigögn er samþykki landeiganda með umsókn frá 31. ágúst 2020, hnitsettur uppdráttur frá 30. júní 2020 og uppdráttur af vegsvæði unninn af Eflu 22. maí 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila uppskiptingu lands og stofnun vegsvæðis í landi Traðar í Önundarfirði.

6. Kirkjuból Korpudalur Snjóflóðavarnir - 2020100098

Páll Stefánsson óskar eftir að Ísafjarðarbær taki þátt í að byggja snjóflóðavarnir fyrir ofan bæinn Kirkjuból í Korpudal.

Fylgigögn eru:

Tölvupóstur, dags. 25.10.2020.

Myndir sem fylgdu í tölvupósti, dags. 20.10.2020.

Bréf sent til Ísafjarðarbæjar, dags. 29.07.2015.

Málinu frestað.

7. Ósk um deiliskipulagsbreytingu - Hafnarbakki 3, Flateyri - 2018100008

Lögð fram deiliskipulagstillaga fyrir lóðina Hafnarbakka 3, Flateyri, unnin af Verkís ehf. Breytingin snýr að stækkun á byggingarreit fyrir væntanlega viðbyggingu. Nýtingarhlutfall fer úr 0,26 upp í 0,6 þar sem hámarksnýtingarhlutfall verður 704 fm. Fylgiskjöl eru erindisbréf dags. 25. sept. 2018 og deiliskipulagstillaga frá 10. des. 2018.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010.

8. Skólagata 8-10 og A stígur 1. Breyting á deiliskipulagi Suðureyrarmala - 2020100092

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð, unnið af Verkís ehf, dags. Breytingin felur í sér að landnotkun Skólagötu 8,10 er breytt úr íbúðarlóðum í lóðir fyrir blandaða starfsemi.

Eins eru lóðirnar, ásamt lóð við A-stíg 1, sameinaðar í eina og einn byggingareitur er á nýju lóðinni. Byggingamagn á reitnum breytist ekki.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila sameiningu lóða og málsmeðferð skv. 3. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010.

Nefndin telur að um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

9. Hraunskirkja í Keldudal. Yfirlýsing yfir eignarhald og lóðarmörk - 2020110054

Marvin Ívarsson hjá Ríkiseignum óskar eftir staðfestingu Ísafjarðarbæjar um eignarhald og lóðarmörk fyrir L140636 -Hraunskirkju í Keldudal, Dýrafirði.

Fylgiskjal er yfirlýsing landeigenda Hraunsjarðarinnar og hnitsettur uppdráttur frá 4. maí 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að staðfesta hnitsettan uppdrátt undir Hraunskirkju, Keldudal í Dýrafirði.

10. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Á 1131. fundi bæjarráðs var máli þessu vísað til nefndarinnar.

Óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar varðandi frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010.

Fylgiskjöl eru tölvupóstur Kormáks Axelssonar, frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18.11.2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemdir við breytingu þessa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby

Heiða Jack